

Nd.

815. Breytingartillögur

[275. mál]

við frv. til laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Frá Friðrik Sophussyni.

1) 1. gr. orðist svo:

Heimilt er að flytja inn til landsins hvers konar vöru, nema annað sé ákveðið með lögum. Viðskiptaráðuneytið getur þó ákveðið að leyfi þess þurfi til innflutnings á lifandi dýrum, kjöt- og mjólkurafurðum, jarðolíu og eldsneytisolíum svo og sópum og hurstum.

Jafnframt er innlendum aðilum heimilt að kaupa hvers konar erlenda þjónustu, nema annað sé ákveðið með lögum.

Heimilt er að inna af hendi í erlendum gjaldeyri sannanlegar greiðslur fyrir löglega innflutta vöru og keypta erlenda þjónustu, þar með taldir vextir af skuldum. Á sama hátt er heimilt að inna af hendi afborganir eða aðra umsamda endurgreiðslu erlendra skulda, sem löglega er til stofnað.

Aðrar fjármagnsgreiðslur til útlanda skulu háðar reglum, sem viðskiptaráðuneytið setur að höfðu samráði við Seðlabankann. Með reglum þessum skal komið í veg fyrir að til skaðlegs fjármagnsútflutnings geti komið, án þess þó að hindruð sé þjóðhagslega hagkvæm fjárfesting eða viðskipti innlendra aðila erlendis og búferlaflutningar eða arftaka einstaklinga.

2) 2. gr. breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Að svo miklu leyti sem vöruinnflutningur er háður innflutningsleyfum skv. 1. gr. annast viðskiptaráðuneytið útgáfu þeirra. Seðlabankinn veitir leyfi fyrir fjármagnsgreiðslum skv. 1. gr. og erlendum lántökum skv. 12. gr. í þeim tilvikum, sem almennar reglur settar skv. þeim greinum ná ekki til.

b. 2. mgr. orðist svo:

Seðlabankinn skal vera til ráðuneytis um framkvæmd gjaldeyrismála, og getur ráðuneytið falið honum ákvörðunarvald um einstaka þætti þeirra.

3) 1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Viðskiptabankar hafa rétt til að versla með erlendan gjaldeyri.

4) Síðasti málsliður 3. mgr. 6. gr. falli niður.

5) 3. mgr. 8. gr. falli niður.

6) 11 gr. falli niður.

7) 12. gr. orðist svo:

Erlendar lántökur, þar með taldar lántökur opinberra aðila, viðskiptabanka og einkaaðila, notkun á greiðslufresti á vörum og þjónustu svo og kaupleigusamningar, skulu háðar reglum, sem viðskiptaráðuneytið setur að höfðu samráði við Seðlabankann. Með reglum þessum skal komið í veg fyrir það annars vegar, að fjármagnsinnflutningur valdi ofpenslu innanlands, og hins vegar, að óeðlileg skuldaförnun eigi sér stað erlendis. Þess skal þó jafnframt gætt, að reglur þessar leyfi eðlilega endurnýjun og aukningu innfluttra fjármuna, nauðsynlega fjármögnun birgða innfluttrar vöru og komi ekki í veg fyrir þjóðhagslega hagkvæm viðskipti.

Um heimildir Seðlabankans til þess að taka erlend lán fer eftir 20. gr. laga nr 10/1961 og um heimildir gjaldeyrisviðskiptabankanna til að semja um yfirdráttarheimildir til skanans tíma fer eftir 10. gr. laga þessara.

8) 13. gr. orðist svo:

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða, að ekki sé heimilt að bjóða, selja eða flytja vörur til útlanda, sem mikilvægar eru í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, nema að fengnu leyfi þess, enda sé hætt á að of mikið tímabundið framboð eða undirboð gæti valdið verulegu tjóni. Útflutningsleyfi samkvæmt þessari grein getur ráðuneytið bundið skilyrðum, sem það telur nauðsynleg.

Útflytjendur eru skyldir til þess að veita ráðuneytinu þær upplýsingar, sem það óskar og nauðsynlegar eru, um sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

9) 14. gr. falli niður.

10) 15. gr. falli niður.